

Forsætisráðuneyti
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
Lækjargötu, 101 Reykjavík

Reykjavík, 6. ágúst 2020

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um stjórnýslu jafnréttismála, mál nr. 127/2020

Mannauður, félag mannaúðsfólks á Íslandi [hér eftir nefnt félagið], fagnar því að frumvarp um stjórnýslu jafnréttismála verði að lögum. Markmið laganna er að stuðla að öflugri stjórnýslu málaflokksins og byggja upp enn víðtækari þekkingu á sviði jafnréttismála innan stjórnýslunnar. Á sama tíma og félagið fagnar frumvarpinu og markmiðum þess er ástæða til þess að koma á framfæri athugasemdum við skipan kærunefndar jafnréttismála.

Í 5.gr laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2016 er fjallað um skipan í kærunefnd jafnréttismála:

[Ráðherra] skipar samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar þrjá fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn. Skulu þeir allir vera lögfræðingar og a.m.k. einn þeirra hafa sérþekkingu á jafnréttismálum. Formaður og varaformaður skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á.

Í framlögðu frumvarpi til laga um stjórnýslu jafnréttismála verður skipan í kærunefnd jafnréttismála með eftirfarandi hætti skv. 7 gr.:

Ráðherra skipar samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar þrjá fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn, þar af bæði formann og varaformann. Skulu þeir allir hafa lokið embættis eða meistaraþrófi í lögfræði og a.m.k. tveir þeirra, þ. á m. formaður, hafa sérþekkingu á sviði jafnréttismála. A.m.k. einn þeirra skal hafa sérþekkingu á jafnrétti kynjanna og einn á jafnrétti í víðtækari merkingu. Formaður og varaformaður, sem jafnframt er aðalmaður, skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Kærunefnd jafnréttismála er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila ef hún telur þörf á.

Það er mat félagsins að það sé til bóta að auka þekkingu á jafnréttismálum og gera ríkari kröfu um sérfræðiþekkingu á sviði jafnréttismála jafnt á sviði kynjajafnréttis og jafnréttis í víðari merkingu. Í ljósi þess að mikill fjöldi mála sem koma til meðferðar nefndarinnar eru á sviði mannaúðsmála, t.a.m. ráðningar, skipan í embætti og launaákvæðanir, vill félagið hins vegar leggja áherslu á mikilvægi sérfræðiþekkingar á sviði mannaúðsmála eða vinnusálfræði þegar nefndin fjallar um málefni á því sviði.

Félaginu er ljóst að í tilviki ráðningarmála er hlutverk kærunefndar jafnréttismála að leggja mat á hvort mismunað hafi verið á grundvelli kyns við ráðningu í starfið og endurskoða ákvörðunina út frá því hvort stjórnvöld hafi fylgt réttum lagareglum hvað varðar jafnrétti við úrlausn málsins. Félagið

bendir á mikilvægi þess að til staðar sé fagþekking á sviði mannauðsmála til að hægt sé að leggja almennt mat á það hvort fullnægjandi upplýsingar hafi verið fyrir hendi (*rannsóknarreglan*) og gætt hefur verið að öðrum málsmeðferðarreglum, hvort þau sjónarmið sem lögð voru til grundvallar og vægi þeirra hafi verið málefnalegt (*réttmætisreglan*) og að ályktanir og mat stjórnvalda á gögnum málsins hafi verið forsvaranlegt. Með því að tryggja að kærunefnd jafnréttismála búi yfir sérfræðiþekkingu á sviði mannauðsmála eða vinnusálfræði þegar mál á því sviði er til umfjöllunar er stuðlað að því að tekið sé tillit til viðurkenndra rannsókna og aðferða ásamt gagnreyndri þekkingu á sviði mannauðsmála hverju sinni, auk laga- og jafnréttissjónarmiða við yfirferð og úrskurði nefndarinnar.

Markmiði um sérfræðiþekkingu á sviði mannauðsmála er hægt ná fram með einni af eftirfarandi aðgerðum:

- Að í nefndinni verði sérfræðingur á sviði mannauðsmála og/eða vinnusálfræði.
- Að í málum sem snúa að mannauðsmálum verði skipaður nefndarmaður ad-hoc sem hefur sérfræðiþekkingu á mannauðsmálum og/eða vinnusálfræði.
- Í stað þess að kærunefnd jafnréttismála sé heimilt að kalla til ráðgjafar og aðstoðar sérfróðra aðila ef hún telur þörf á verði nefndinni skylt að kalla til ráðgjafar/aðstoðar aðila með sérfræðikunnáttu á mannauðsmálum og/eða vinnusálfræði þegar að nefndin fjallar um málefni á sviði mannauðsmála.

Félagið vill jafnframt koma á framfæri athugasemd í tengslum við 8.gr frumvarpsins þar sem fjallað er um hlutverk kærunefndar jafnréttismála og réttaráhrif úrskurða hennar. Í frumvarpinu er eftir sem áður lagt til að álit nefndarinnar séu bindandi gagnvart málsaðilum en bætt er við að kærunefndin geti beint þeim fyrirmælum til hins brotlega að gera viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr. Félagið telur að gætt hafi nokkurrar óvissu um “bestu aðferð” ekki síst í ráðningarmálum og embættisveitingu hjá hinu opinbera um nokkuð skeið og slík mál koma reglulega inn á borð kærunefndar jafnréttismála. Þetta helgast ekki síst af ólíkum álitum umboðsmanns Alþingis og kærunefndar jafnréttismála og á stundum ósamræmi að þeim álitum. Félagið biðlar til löggjafans að skýra betur leikreglurnar á sviði opinberra ráðninga og embættisveitinga og telur félagið breytingar á 8. gr. frumvarpsins síður en svo vera til þess að skýra þessi mál og auðvelda þeim sem starfa við þessi mál hjá hinu opinbera að átta sig á leikreglunum sem hafa skapast með fordæmum úr álitum umboðsmanns Alþingis, kærunefnd jafnréttismála og dómum á þessu sviði.

Félagið vill ítreka að það fagnar frumvarpinu og er þessum ábendingum hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar,

Ásdís Eir Símonardóttir
Formaður Mannauðs, félags mannauðsfólks á Íslandi